

Virðisaukaskattur hækkar í 25,5%

Meirihluti ríkisstjórnarflokkanna í efnahags- og viðskiptanefnd samþykkti í gær að leggja til að virðisaukaskattur hækki úr 24,5% í 25,5%. Áður var ætlunin að hækka skattinn í 25% en á móti er fallið frá því að taka upp nýtt 14% þrep.

Þetta kom fram í umræðum á Alþingi í gærkvöldi þegar Pétur Blöndal tók málið upp undir fundarstjórn forseta og vildi vekja sérstaka athygli á vinnubrögðum meirihluta nefndarinnar.

Í fjárlagafrumvarpinu var gert ráð fyrir að tekin yrði upp þriggja þrepavirðisaukaskatt, 7%, 14% og 25%. Í 7% þrepi verði matvörur, mjólkurvörur, húshitun, tónlist, dagblöð, afnotagjöld fjölmiðla og veggjöld. Í 14% þrepi verður veitingastarfsemi, sælgæti, kex, kökur og önnur drykkjarföng en áfengi. Samtals var reiknað með að þessar breytingar skili ríkissjóði sex milljörðum króna í auknar tekjur á komandi ári.